

Mál nr. 374/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar U

Ökumaður ekur á vinnuvél sem var við vinnu á akbraut þ. 26.11.2010.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.8.2012 ásamt fylgiskjölum nr. 1-27
2. Bréf V dags. 3.9.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni til suðurs eftir Hlíðarfótarvegi og lenti í árekstri við vinnuvél sem er í eigu U. Vinnuvélin var í notkun þegar áreksturinn varð. M segir að töluverð sól hafi blindað sig og allt í einu hafi hann séð vinnuvélina á veginum og ekki tekist að koma í veg fyrir árekstur. Stjórnandi vinnuvélarinnar segist hafa þurft að staðsetja vinnuvélina á veginum þar sem hann vann við frágang vestan vegarins og hafi hann séð þar sem M ók bifreið sinni á talsvert mikilli ferð suður Hlíðarfót og svo hafi virst sem M hafi ekki séð vinnuvélina. Vitni segir að honum hafi sýnst að M hafi ekið á talsvert mikilli ferð í umrætt sinn. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu U og telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar og vinnubragða starfsmanna U. Þá er á því byggt að öryggisráðstafanir og merkingar hafi verið ófullnægjandi. Af hálfu M er á það bent að framkvæmdaheimild hafi ekki verið í gildi þegar slysið varð auk þess sem starfsmenn U hafi ekki gætt þess að hafa fullnægjandi öryggisráðstafanir eða farið að fyrirmælum varðandi framkvæmd verks. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi ekið of hratt og viðvörunarmerki þar sem á stóð "Vegavinna" hafi verið um 150 metrum norðan við slyssað. V bendir á að M beri að sól hafi blindað hann og hafi honum því borið að sýna sérstaka aðgát sem hann hafi ekki gert en aðstæður hafi í sjálfu sér ekki verið aðrar en við megi búast við akstur í þéttbýli.

Álit.

Starfsmenn U höfðu ekki gilt framkvæmdaleyfi og gættu þess ekki að hafa fullnægjandi varúðarmerkingar í umrætt sinn og bera því sök á árekstrinum. Af gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að M hafi ekið of hratt og ekki gætt þess að haga akstri sínum miðað við aðstæður einkum þegar hann blindaðist af sól. M ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að M beri helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu U hjá V en ber helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 18.9.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.